



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um brottfall ákvæða úr reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012, með áorðnum breytingum.

### Greinargerð:

Samhliða tillögu þessari er lögð fram tillaga um samþykkt nýrra reglna er varða stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Í þeim reglum er að hluta til fjallað um sömu þjónustu og fjallað er um í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu, þ.e. stuðningsfjölskyldur og stuðning sem jafna má til persónulegrar ráðgjafar og tilsjónar. Því er nauðsynlegt að fella á brott þau ákvæði í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík er varða framangreind atriði. Ef tillaga um reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur verður samþykkt munu reglurnar taka gildi þann 1.mars 2020. Lagt er til að framangreind ákvæði, sem fram koma í fylgiskjali með tillögu þessari, falli brott frá gildistöku nýrra reglna, þ.e. frá 1. mars 2020.

Fylgiskjöl:

1. Reglur um stuðningsþjónustu með tillögum að brottfalli ákvæða.